

Taekwondosamband Íslands

Fundargerð stjórnarfundar 3.september 2009 kl. 19:20.

Mættir:

Arnar Bragason

Magnús Þór Benediktsson

Pétur Jensson

Jón Levy

Helgi Rafn Guðmundsson

Auður G. Sigurðardóttir

Fundardagskrá

1. Farið yfir verkefni síðustu fundargerðar
2. Fara yfir umsóknir um nefndastörf og byrja að skipa í nefndir.
3. Ákveða fund með landsliðsþjálfurum vegna púmse-æfingabúða og beltakröfunefndar.
4. Svar við ítrekun umsóknar Írunnar.
5. Skipa umsjónarmann (menn) dagatals TKÍ.
6. Reyna að koma á sambandi við fjölmiðla, t.d. með því að óska eftir tengiliðum innan taekwondofélagana.
7. Ákveða fundardagskrá fyrir formannafund 1. okt.
8. Ákveða niður styrkjareglur varðandi opin mót erlendis.
9. Dómaramál.

Stjórnarfundur 3. september 2009

1. Fara yfir síðustu fundargerð –
 - a. Netíð og heimasíðan - Jón talaði við Erling og hann hefur ekki fengið nein svör frá Sverri varðandi lénið, varðandi vefinn – hugmyndina um að breyta vefnum, setja upp nýtt kerfi þannig að félögin hefði greiðari aðgang að sínu eigin efni á vefinn og miðlægann grunn, Erlingur var til í að hjálpa TKÍ með það, t.d. hönnunina á bak við

það sem er oft dýrasti hlutinn, einnig hvernig efnið er sett fram til að það sé sem skilvirkast og hvernig síðan er sett upp. Erlingur hefur mikla reynslu í þessum efnum og er samþykktur að aðstoða TKÍ við það. Jón fékk ekki svör varðandi áframhaldandi styrk frá Eidola og við búumst ekki að af því verði áfram. Skoða verður hvort við viljum setja upp nýja síðu og skoða kostnað við það og hversu mikið væri hægt að gera í sjálfboðavinnu. Næsta skref væri að ákveða hvort TKÍ vilji fara út í það verkefni að setja nýja síðu upp. Jón tekur að sér að skoða hvað smíðinn myndi kosta og skoða betur í hverju það fælist og TKÍ vill skoða það síðan aftur og ákveða framhaldið.

- b. Styrkir vegna landsliðs á ýmiss opin mót erlendis – Útfærsla verður kynnt landsliðsþjálfurum á fundi með þeim fljótlega. Ákveðið var að TKÍ veitir 1/3 styrki á mótum þá félögum og keppendum nema HM, NM og EM sem verður einhver aukinn styrkur samkvæmt umsóknum. Hægt verður einnig að senda inn umsóknir ef um sérstaklega góðan árangur á mótum eftir á.
- c. Auður sendir formlega tilkynningu til Sigursteins og útbýr styrkveitingablað. – Rætt verður við Sigurstein og Eduardo á þjálfarafundi varðandi úthlutun styrksins.
- d. Google docs – Jón var búinn að útbúa það og ætlar að senda á stjórnina leiðbeiningar.

2. Nefndarmál

- a. Beltaprófsnefnd. 2 umsóknir bárust. Umsókn eitt samanstendur af Eduardo Rodriguez, Jamshid Mazaheri, Allan Olsen og Sigursteinn Snorrason. Umsókn tvö samanstendur af Hlyni Gissurarsyni. Einnig bíður Helgi Rafn sig fram til að vera í forsvari fyrir hönd nefndarinnar. TKÍ telur báðar þessar umsóknir og umsækjendur vel hæfa og samþykkir umsóknirnar báðar með öllum greiddum atkvæðum.
- b. Fjáröflunarnefnd fyrir tímabilið 2009/2010 var komið af stað og mun Pétur vera formaður í þeirri nefnd. Samþykkt af öllum greiddum atkvæðum. Arnar kemur með tillögu varðandi verkefnið varðandi að efla fatlaða í íþróttinni og mun Pétur kanna þau mál betur.
- c. Dómaranefnd fyrir tímabilið 2009/2010– Tvær umsóknir bárust. Ein frá Karvel Þór Arnarssyni og ein frá Hlyni Erni Gissurarsyni. Skoða verður hvort henti að hafa annan eða báða alþjóðlegu dómara okkar í nefndinni. Sennilega betra að þeir séu báðir utan við nefndina. Umsókn Karvels samþykkt að svo stöddu.
- d. Aganefnd fyrir tímabilið 2009/2010 – Ein umsókn barst frá Hlyni Erni Gissurarsyni. TKÍ telur að betra sé að fá fólk sem er utan við áhrifamestu einstaklinga innan taekwondo á Íslandi vegna líklegra hagsmunaárekstra og mun auglýsa aftur stöður í nefndina fljótlega.
- e. Mótanefnd fyrir tímabilið 2009/2010 – Engar umsóknir bárust. Jón Levy bíður sig fram í mótanefnd. Nefndin verður auglýst aftur frekar til að reyna að fá umsóknir inn.
- f. Landsliðsnefnd fyrir tímabilið 2009/2010 – Engar umsóknir bárust. Arnar Bragason bíður sig fram í landsliðsnefnd. Nefndin verður auglýst aftur til að fá umsóknir inn.
Helgi aðlagar texta fyrir nefndarauglýsingarnar.

3. Fundur með landsliðsþjálfurum vegna ýmissa mála verður þriðjudaginn 8. sept kl. 19:30.

Auður sendir fundarboð til þjálfaranna.

4. Svar við ítrekun Írunnar varðandi Íslandsmótið í Poomse. Munnlegt samþykki var gert á milli fyrrverandi formanns, Ófeigs og Sigursteins að Íslandsmótið verði haldið næst á Selfossi og

félagið fór af stað með undirbúning. Samkomulagið stendur eins og ákveðið var og mun Selfoss halda mótið. Auður lætur Írunni vita.

5. Umsjónarmenn dagatala TKÍ. Afturelding sendi inn sýna dagskrá. Magnús tekur að sér að taka saman upplýsingarnar, svo verður skoðað hvort eitthvað skarast og reynt að pússla viðburðunum saman. Upplýsingarnar verða settar á netið hvað er í gangi hjá hverju félagi. Auður biður Erling um að setja inn tilkynninguna.
6. Samband við fjölmiðla – Pétur þekkir til eins sem gæti komið að liði , ætlar að athuga málið betur. Jón tekur að sér að setja saman smá auglýsingu hvort félögin viti af tengiliðum sem þekkja til fjölmiðla sem getur tekið að sér að bera út fagnaðarerindi íþróttinnar☺
7. Ákveða fundardagskrá formannafundar 1.okt 19:30. Auður boðar fundinn og bókar sal + veitingar.
 - a. Kynning á stjórninni
 - b. Hvað er framundan
 - i. Niðurstaða landsliðsþjálfarafundar
 - ii. Kynning á Íslandsmóttinu í póomse
 - iii. Nefndir
8. Afgreitt
9. Dómaramál.

Önnur mál:

- a. Styrkbeiðni kom frá Hlyn varðandi dómgæslu á HM. TKÍ samþykkir með öllum greiddum atkvæðum að borga flugmiða til Kaupmannahafnar. Auður græjar.
- b. Styrkjaumsóknir – Pétur tekur að sér að skoða.
- c. Auður fór yfir fjármálastöðu – Pétur tekur svo að sér reikningamálin á næsta fundi.
- d. Magnús Þór benti á viðtalið sem var birt af liðsmanni Ármanns og vildi hrósa umræðunni sem kom þar fram . Tekið var undir það og mætti sjást oftast svona góð kynning á íþróttinni.

Formaður slítur fundi kl. 21:13